

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu
Hamraborg 9
200 Kópavogi
b.t. framkvæmdastjóra

Garðabæ, 29. september 2022

Vegna stofnunar sameiginlegs umdæmisráðs

Hinn 13. júní 2021 samþykkti Alþingi breytingar á barnaverndarlögum nr. 80/2002 sem fólu í sér viðamiklar breytingar á eðli og starfi barnaverndarnefnda. Samkvæmt þeim taka ný umdæmisráð við hlutverki barnaverndarnefnda að úrskurða um tilteknar íþyngjandi ráðstafanir í barnavernd. Upphaflega áttu umdæmisráðin að taka til starfa 28. maí 2022 en var frestað til 1. janúar 2023 með frumvarpi sem samþykkt var á Alþingi 29. apríl sl. Þótt ný lög gæfu rýmri tíma til undirbúnings nýrra barnaverndarþjónusta og umdæmisráða barnaverndar lagði mennta- og barnamálaráðuneytið áherslu á að sveitarfélög nýttu þann tíma vel og gert væri ráð fyrir að stofnun umdæmisráða barnaverndar yrði lokið 1. október 2022.

Sviðsstjórar velferðarsviða aðildarsveitarfélaga SSH, utan Reykjavíkur, auk nágrannasveitarfélaga, hafa lýst yfir vilja til samstarfs um reksturs sameiginlegs umdæmisráðs.

Óskað er eftir því að samráðshópi sviðsstjóra velferðarsviða á höfuðborgarsvæðinu verði falið að vinna málið áfram, gera drög að samningi milli sveitarfélaganna, auk kostnaðargreiningar vegna umrædds umdæmisráðs. Þegar drög slíks samnings liggja fyrir verða þau lögð fyrir stjórn SSH.

Ef frekari upplýsinga er óskað veitir undirrituð þær fúslega.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd samráðshóps sviðsstjóra velferðarsviða á höfuðborgarsvæðinu



Hildigunnur Árnadóttir
umsjónarfélagsráðgjafi Garðabæjar
hildigunnur@gardabaer.is